

29. júlí 1981.

691

Nr. 443.

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið, að flutningsjöfnunargjald pr. hvert tonn af sementi skuli vera kr. 120 frá 1. ágúst 1981 þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt með aðflutningsgjöldum. Annast tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna, og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

Viðskiptaráðuneytið, 29. júlí 1981.

F. h. r.

Þórhallur Ásgeirsson.

Atli Freyr Guðmundsson.

28. júlí 1981.

Nr. 444.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 335 13. júlí 1981 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum o. fl.

1. gr.

1. tl. 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

	Áfengi, þó ekki yfir 47% styrkleika	Tóbak	Öl og vín
1. Ferðamenn 1,0 l af áfengi.	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.	Ekkert öl en 1,0 l af víni undir 21%.
		eða	
	1,0 l af áfengi.	200 stk. vindlingar eða 250 g af öðru tóbaki.	12 fl. af öli en ekkert vín undir 21%.

B 87